

Samstarf sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu vegna þjónustu við fatlaða, starfsárið 2014 til 2015, skýrsla formanns.

Stofnað var til samstarfs sveitarfélaga um málefni fatlaðs fólks í lok árs 2010 með sérstökum samningi, vegna yfirfærslu málaflokks fatlaðra frá ríki til sveitarfélaga, í þeim tilgangi að tryggja samvinnu um ákveðna þætti þjónustu. Samningurinn, sem stjórn SSH hefur umsjón og eftirlit með, hefur verið framlengdur á hverju ári, en taka skal ákvörðun um slíkt fyrir 1. september ár hvert. Óformleg ákvörðun var tekin um framhald samningsins fyrir þetta starfsár.

Tilgangur samningsins er tiltekinn í 1. lið hans, forsendur og markmið. Megin tilgangur er að efla félagsþjónustu á höfuðborgarsvæðinu, stuðla að þróun samstarfs sveitarfélaga og hagræðingu í rekstri með samnýtingu þjónustu- og rekstarþátta vegna málefna fatlaðra. Ekki síst þar sem hluti fatlaðra íbúa sækir þjónustu í önnur sveitarfélög en lögheimilissveitarfélag og mikilvægt er að tilfærsla þjónustu frá ríki raski ekki högum þeirra.

Samráðshópur sveitarfélaganna hittist hálfsmánaðarlega . Í hópnum sitja Rannveig Einarsdóttir sviðsstjóri og Hrönn Hilmarsdóttir þroskaþjálfari fyrir Hafnarfjörð, Bergljót Sigurbjörnsdóttir sviðsstjóri og Sólveig Steinsson þroskaþjálfari fyrir Garðabæ, Aðalsteinn Sigfússon sviðsstjóri og Guðlaug Ósk Gísladóttir félagsráðgjafi fyrir Kópavog, Unnur V. Ingólfssdóttir sviðsstjóri og Ásgeir Sigurgestsson sálfræðingur fyrir Mosfellsbæ og Snorri Aðalsteinsson sviðsstjóri fyrir Seltjarnarnes. Áheyrnarfulltrúi Reykjavíkur er Katrín Þórdís Jacobsen félagsráðgjafi.

Samstarf samráðshóps sveitarfélaga hefur allt frá byrjun verið markvisst og hiklaust má segja að það hafi borið góðan árangur, en samstarfið hefur skapað samráðs- og umræðuvettvang í málaflokki, sem er ekki aðeins flókinn og einstaklingsmiðaður, heldur er einnig nauðsynlegt að sveitarfélögin hafi með sér samráð við stefnumörkun og framkvæmd þjónustunnar, m.a. til að tryggja hreyfanleika fatlaðra milli sveitarfélaga og jafnræði. Að auki er þessi umræðu- og samráðsvettvangur til þess fallinn að auka almenna og sértæka þekkingu fundarmanna og efla hugmyndaauðgi um betri þjónustu.

Á starfsári hópsins urðu verulegar breytingar á ferðaþjónustu fatlaðra, sbr. samkomulag sveitarfélaganna frá 19.5.2014. Í 4. gr. samningsins er kveðið á um hlutverk samráðshóps félagsmálastjóra, að það sé m.a. að stuðla að góðu samstarfi og móta sameignlegar reglur um þjónustuþætti og þjónustustig fyrir ferðaþjónustu fatlaðs fólks á höfuðborgarsvæðinu. Hópurinn er skipaður félagsmálastjórum hvers sveitarfélags á svæðinu.

Tekið skal fram að samráðshópur félagsmálastjóra sem skipaður var í lok árs 2010 og er ætlað að annast um framkvæmd samnings um samstarf sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu vegna þjónustu við fatlaða hefur mun víðtækara hlutverki að gegna í raun og er hann án félagsmálastjóra Reykjavíkur sem fastafulltrúa. Því er um tvo samráðshópa að ræða. Formaður samráðshóps um ferðaþjónustu er Stefán Eiríksson félagsmálastjóri Reykjavíkur. Til að byrja voru fundargerðir samdar sérstaklega fyrir sitt hvorn samráðshópinn. Því var ekki fram haldið. Sé það vilji stjórnar SSH að um einn samráðshóp sé að ræða þarf í raun að leggja báða samráðshópana niður og skipa einn sem fara skal með málefni fatlaðra skv. fyrrnefndum tveimur samningum.

Samráðshópurinn hittist nítján sinnum á starfsárinu. Umfjöllunarefni voru m.a.:

- Endurmenntun og þjálfun starfsfólks, hlutfall menntaðra starfsmanna
- Ferðapjónusta fatlaðra, undirbúningur útboðs, framkvæmd og eftirfylgd
- Ferðapjónusta fatlaðra, sérstök stjórn vegna erfiðleika í eftirfylgd breytinga
- Ferðapjónusta, aðkoma samráðshóps SSH
- Ferðapjónusta, áfangaskýrsla framkvæmdaráðs
- Ferðapjónusta, skýrsla innri endurskoðunar Reykjavíkurborgar
- Frístundastarf fyrir fötluð ungmenni. Ftr. ÍTR mætti á fundinn
- Stuðningsfjölskyldur, hækkun launa
- Endurnýjun erindisbréfs mats- og inntökuteymis
- Sameiginleg ráðning eftirlitsmanns með starfsemi starfsstöðva á höfuðborgarsvæðinu, utan Reykjavíkur. sbr. gr. 6.8. í samkomulagi sveitarfélaga vegna þjónustu við fatlaða. Ráðuneytið hefur samþykkt greiðslu kostnaðar
- Árangur flutnings þjónustu frá ríki til sveitarfélaga, rannsókn Félagsvísindastofnunar
- Almenn um mat á árangri þjónustu við fatlaða. Mikilvægi þjónustukannana á vegum sveitarfélaga, sbr. gr. 6.9. í samkomulagi sveitarfélaga vegna þjónustu við fatlaða. Verkefnastjóri velferðarsviðs Kópavogs mætti á fundinn með fræðslu um framkvæmd kannana
- Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra vegna sumardvala í Reykjadal
- RAI matið og möguleikar þess til að nota við færni- og vistunarmat í málefnum fatlaðra
- NPA samningar, einingaverð
- NPA eftirlit með samningum
- NPA, beiðni ráðneytisins um tillögur sveitarfélaga að breytingum á handbók um NPA
- Fjöldi NPA samninga
- NPA, lítil aðkoma heilbrigðisþjónustunnar
- NPA, mismunur á beingreiðslusamningum og NPA
- NPA, fjárhagslega staða verkefnisins. Sjónarmið sambandsins. Fulltrúi sambandsins mætti á fund
- NPA, vinnufundur. Tillögur samráðshóps SSH um breytingar á handbók um NPA
- Skálatún, samstarf um rekstur skammtímvistunar
- Hugmyndir Ásgarðs um rekstur sambýlis fyrir þroskaskerta einstaklinga, utan höfðuborgarsvæðis.
- Leigukostnaður fatlaðra og samræmi milli sveitarfélaga
- Húsnæðismál geðfatlaðra
- Fjármögnun málaflokks fatlaðra í heild. Kröfur sambandsins. Fulltrúar sambandsins mættu á fundinn
- Uppbygging húsnæðisúrræða fyrir fatlaða, húsnæðisgjald
- Atvinnumál fatlaðra, ríki eða sveitarfélög annist málaflokkinn
- Endurskoðun laga um félagsþjónustu sveitarfélaga. Ein lög eða fleiri
- Framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðra. Fulltrúar sambandsins mættu á fundinn. Unnið er að fimm ára áætlun. Aðkoma sveitarfélaga. Mikilvægi sameiginlegs álits samráðshóps SSH
- Fjölsmiðjan, þjálfunarstyrkur hækkaður
- Fjölsmiðjan, framtíðaráherslur. Stjórnarformaður og forstöðumaður mættu á fundinn

- Fulltrúar Þroskahjálpar og ÖBÍ mæta á fundinn. Almennar umræður og yfirfærslu, hugmyndafræði og árangur
- Málafni utangarðsfólks á höfuðborgarsvæðinu
- Styrkir til verkfæra- og tækjakaupa

Meðfylgjandi eru nokkrar þær greinargerðir sem lagðar voru fyrir fundi samráðshópin og fundargerðir.

22.6.2015

Aðalsteinn Sigfússon,

Sviðsstjóri VK